

Auglýsing um deiliskipulag frástundarbyggðar í Sæborg í Aðalvík

Til : Axel Rodriguez Överby
Frá : Hafsteinn Hafsteinsson <haha@verkis.is>
CC : postur@isafjorður.is <postur@xn--isafjorur-h6a.is>
Heiti : Auglýsing um deiliskipulag frástundarbyggðar í Sæborg í Aðalvík
Málsnúmer : 2018040002
Málsaðili : Einar Hreinsson
Skráð dags : 30.06.2018 22:35:04
Höfundur : Hafsteinn Hafsteinsson <haha@verkis.is>

Tilvísun: Auglýsing Ísafjarðarbæjar um tillögu að deiliskipulagi frístundarbyggðar í Sæborg í Aðalvík, dagsett 14.maí 2018.

Í auglýsingunni kemur fram að ábendingar eða athugasemdir skulu vera skriflagar og berast í síðasta lagi 30.júní 2018.

Vegna þess vill undirritaður koma með eftirtaldar ábendingar:

Sbr lög um friðlandið á Hornströndum er kveðið á um í 9.gr. að samstarfsnefnd fjalla um öll málefni friðlandsins þar á meðal mannvirkjagerð. Hefur samstarfsnefndin fjallað um fyrirhugaðar mannvirkjagerð, sem fram kemur í deiluskipulagi er hér er fjallað um?

Í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar kemur fram fyrir frístundarsvæði F14, Sæból og Garðar, að á svæðinu eru 12 hús og reisa má allt að 3 ný hús. Hér er gengið út frá að 11 hús eru notuð sem frístundarhús landeigenda og það 12. er skólahúsið. Að þeim húsum, sem eru notuð eru af landeigendum, standa 9 eignarhópar. Af þeim er tveir hópar með 2 hús en hinir 7 hóparnir með eitt hús hver. Annar hópurinn, sem þegar með tvö hús, er Sæborg. Í gegnum árin hefur verið áhugi landeigenda að fjölga húsum. Það hefur hins vegar tafist, vegna takmörkun nýbygginga við 3 hús og vegna hverjir og hvar verði byggt. Í aðalskipulaginu kemur ma. fram að fyrir svæði F14 gildir að framkvæmdir skulu nánar útfærðar í deiliskipulagi og greiningu á áhrifum.

Undirritaður mun fanga hverju þeirra 3ja húsa, sem eiga eftir að reisa á svæðinu. Undirritaður vill hins vegar benda á að öllum eignarhópum verið gefin tækifæri til að leggja fram sitt deiliskipulag þannig að allir sitji við sama borð, þegar ákvörðun verður tekin um hvar og hverjir byggi þessi 3 nýju hús. Hægt væri að setja hæfilega tímamörk á að skila inn deiliskipulagi. Því er það einnig ábending undirritaðs að afgreiðsla þessa deiluskipulags fyrir frístundarbyggðar í Sæborg Aðalvík, verði frestað þar til fyrirbyggur deiliskipulag fyrir hin svæðin innan F14.

Virðingarfyllst,

Reykjavík 30.júní 2018

Hafsteinn Hafsteinsson

Kt 171053-4399

Sími 896 0081